



Reykjavík – 2
Leyfi nr. 196

Álestrartímabil

Álestrartímabil 3. gjaldtímabils 2005 er 1. desember – 15. desember 2005. Gjaldtagi er 1. janúar 2006 og eindagi er 15. febrúar 2006. Gjaldendur eru minntir á að mæta í álestur á ofangreindu álestrartímabili, því hafi ekki verið mætt með ökutæki, á númerum, til álestrar á álestrartímabilinu áætlað ríkisskattstjóri akstur sem svarar til 48.000 km aksturs á gjaldtímabilinu. Hafi álestur ekki farið fram við innlögn númera eða afskráningu verður akstur áætlaður 48.000 km.

Athygli er vakin á því að eigandi eða umráðamaður ökutækis með ökumæli skal mæta með ökutækið til álesturs á álestrartímabili.

Þessi skylda á við öll ökutæki sem kílómetragjald er lagt á í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra skv. ökumæli. Ef ökutæki er óökufært og því ekki mögulegt að mæta með það til álestraraðila er hægt að óska eftir álestri frá álestraraðila/vegagerð. Slíkt þarf að gera tímanlega.

Ekki er þörf á álestri á álestrartímabili hafi álestur farið fram vegna innlagnar númera/afskráningar ökutækis.

Kílómetragjald

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
10.000–11.000	0,29	21.001–22.000	6,89
11.001–12.000	0,89	22.001–23.000	7,49
12.001–13.000	1,49	23.001–24.000	8,09
13.001–14.000	2,09	24.001–25.000	8,69
14.001–15.000	2,69	25.001–26.000	9,29
15.001–16.000	3,29	26.001–27.000	9,89
16.001–17.000	3,89	27.001–28.000	10,49
17.001–18.000	4,49	28.001–29.000	11,09
18.001–19.000	5,09	29.001–30.000	11,69
19.001–20.000	5,69	30.001–31.000	12,29
20.001–21.000	6,29	31.001 og yfir	12,89

Bifreiðar og eftirvagnar sem eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, þó ekki bifreiðar ætlaðar til fólksflutninga, skulu greiða kílómetragjald, sbr. lög nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl. Gjaldskyldan er óháð eldsneytisnotkun og ökutæki sem eru undanþegin olúgjaldi eiga að greiða kílómetragjald. Þá eiga bifreiðar og eftirvagnar sem skráð eru erlendis og flutt hingað til lands að greiða kílómetragjald.



Álestur að loknu álestrartímabili

Komi gjaldandi, sem sætt hefur áætlun, með ökutæki til álestrar utan álestrartímabils, þ.e. eftir 15. desember 2005, skal álestur tekinn sem kæra og sendur ríkisskattstjóra til ákvörðunar.

Skráning á akstri í akstursbók/sekt

Skylt er að skrá akstur reglulega í akstursbók:

- Ef ökuriti er notaður sem ökumælir skal skrá kílómetrastöðu hans daglega.
- Ef annars konar ökumælir en ökuriti er notaður skal skrá kílómetrastöðu hraðamælis daglega en kílómetrastöðu ökumælisins vikulega.
- Akstur eftirvagna skal skrá vikulega.

Samkvæmt 20. gr. laga nr. 87/2004 er ríkisskattstjóra heimilt að beita sektum sé ekki skráð í akstursbók eftir settum reglum og hafa sektir verið ákveðnar eftirfarandi:

1. Akstur ranglega færður:

- | | |
|--|------------|
| a) Fært vikulega en á að færa daglega | kr. 5.000 |
| b) Fært mánaðarlega en á að færa daglega | kr. 10.000 |
| c) Færð inn km-staða hraðamælis en ekki ökumælis | kr. 7.500 |
| d) Færð inn km-staða ökumælis en ekki hraðamælis | kr. 5.000 |

Fyrir ítrekuð brot má gera ráð fyrir hækkun sekta.

2. Akstur ekki færður:

- Ef enginn akstur er færður skal sekt vera að lágmarki 15.000 kr.
- Fyrir ítrekuð brot skal sektin hækka um 5.000 kr. í hvert sinn, í allt að 50.000 kr.

Á upplýsingavef ríkisskattstjóra má finna nánari upplýsingar um kílómetragjald og olúgjald.

Slóðin er: www.rsk.is

BIFREIÐAGJALDADEILD RÍKISSKATTSTJÓRA

SÍMI 563 1100 · FAX 563 1290